

53B. AUKAÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR
22. JÚNÍ 2022

DAGSKRÁ AUKAÐALFUNDAR 2022

AUKAÐALFUNDUR SSV 2022 HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ

Miðvikudagurinn 22. júní 2022

Dagskrá

1. Kosning stjórnar
2. Önnur mál löglega fram borin
3. Kynning á starfsemi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

FULLTRÚAR OG GESTIR Á AUKAÐALFUNDI SSV 2022

AKRANESKAUPSTAÐUR

Einar Brandsson bæjarfulltrúi
Líf Lárusdóttir bæjarfulltrúi
Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi
Valgarður L. Jónsson bæjarfulltrúi
Magni Grétarsson bæjarfulltrúi
Steinar Adolffsson fulltrúi bæjarstjóra

BORGARBYGGÐ

Sigrún Ólafsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi
Eðvar Traustason sveitarstjórnarfulltrúi
Bjarney Bjarnardóttir sveitarstjórnarfulltrúi
Lilja B. Ágústsdóttir, fráfarandi formaður
SSV

DALABYGGÐ

Skúli H. Guðbjörnsson sveitarstjórnarfulltr.
Ingibjörg Þ. Steinudóttir sveitarstjórnarfulltr.
Kristján Sturluson sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Sigurbjörg Ottesen, oddviti

GRUNDFJARÐARBÆR

Bjarni Snæbjörnsson bæjarfulltrúi
Garðar Svansson bæjarfulltrúi
Sigurður Gísli Guðjónsson bæjarfulltrúi
Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri

HVALFJARÐARSVEIT

Inga M. Sigurðardóttir sveitarstjórnarfulltr.

Andrea Ýr Arnarsdóttir sveitarstjórnarfulltr.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Guðný Elíasdóttir varaoddviti

SNÆFELLSBÆR

Auður Kjartansdóttir bæjarfulltrúi
Júníana Björg Óttarsdóttir bæjarfulltrúi
Michael Gluszuk bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir bæjarfulltrúi

STYKKISHÓLMSBÆR

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir bæjarfulltrúi
Steinunn I. Magnúsdóttir bæjarfulltrúi

STARFSMENN SSV

Björk Jóelsdóttir
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólafur Sveinsson
Ólöf Guðmundsdóttir
Páll S. Brynjarsson
Sigursteinn Sigurðsson
Svala Svavarsdóttir
Vífill Karlsson

FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

Heilbrigðisnefnd Vesturlands

FUNDARSETNING

Lilja Björg Ágústsdóttir fráfarandi formaður setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Lilja þakkaði stjórn og starfsfólki SSV fyrir gott samstarf. Hún lagði til að Linda Björk Pálsdóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Linda kom upp og tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins. Fundarstjóri óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum til hamingju með kjörið og óskaði þeim velfarnaðar í störfum sínum.

Fundarstjóri: Linda Björk Pálsdóttir

Fundarritari: Svala Svavarsdóttir

Kjörbréfanefnd: Kristján Sturluson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigursteinn Sigurðsson

Tillaga um starfsmenn fundarins - **Samþykkt samhljóða**

Þá var gengið til dagskrár.

1. KOSNING STJÓRNAR

Fundarstjóri kynnti kjörnefndina en í henni sátu Kristinn Jónasson sem var jafnframt formaður nefndarinnar, Guðveig Eyglóardóttir og Steinar Adólfsson. Fundarstjóri bað Steinar Adólfsson að koma upp í fjarveru formanns og gera grein fyrir tillögum til stjórnar SSV.

Steinar kom upp og fór yfir vinnu nefndarinnar.

Samkvæmt 6 gr. laga SSV tilnefna sveitarfélögin sína fulltrúa í stjórn. Akraneskaupstaður og Borgarbyggð tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa, en önnur sveitarfélög tilnefna hvert um sig einn fulltrúa.

Eftirtaldir fulltrúar hafa verið tilnefndir af sveitarfélögunum á Vesturlandi:

Akraneskaupstaður:

Aðalmenn: Líf Lárusdóttir og Ragnar Sæmundsson

Varamenn: Einar Brandsson og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Elín Ósk Gunnarsdóttir

Varamaður: Andrea Ýr Arnarsdóttir

Skorradalshreppur:

Aðalmaður: Guðný Elíasdóttir

Varamaður: Pétur Davíðsson

Borgarbyggð:

Aðalmenn: Guðveig Lind Eyglóardóttir og Sigurður Guðmundsson

Varamenn: Eva Margrét Jónudóttir og Lilja Björg Ágústsdóttir

Dalabyggð:

Aðalmaður: Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Varmaður: Ingibjörg Þórunn Steinudóttir

Stykkishólmur:

Aðalmaður: Jakob Björgvin Jakobsson

Varamaður: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Grundarfjarðarbær:

Aðalmaður: Jósef Ó. Kjartansson

Varamaður: Garðar Svansson

Snæfellsbær:

Aðalmaður: Júníana Björg Óttarsdóttir

Varamaður: Auður Kjartansdóttir

Eyja- og Miklaholtshreppur:

Aðalmaður: Sigurbjörg Ottesen

Varamaður: Herdís Þórðardóttir

Kjörnefnd leggur til að Guðveig Lind Eyglóardóttir verði formaður SSV kjörtímabilið 2022-2024.

Steinar þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri kom upp og bar tillögu til stjórnar SSV upp til atkvæða

Samþykkt samhljóða

Þá bar fundarstjóri upp tillögu til formanns SSV

Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri bað fulltrúa úr kjörbréfanefnd að koma upp og gera grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Kristján Sturluson kom upp og fór yfir kjörbréfin. 9 kjörbréf bárust og voru öll gild. 25 fulltrúar sitja fundinn með atkvæðisrétt.

Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir og lýsti fundinn löglegan.

2. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA FRAM BORIN

Engin erindi bárust fundinum.

3. KYNNING Á STARFSEMI SSV

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrálið og bað fulltrúa starfsfólks SSV að koma upp og kynna starfsemi samtakanna.

Páll Snævar Brynjarsson framkvæmdarstjóri SSV, Ólafur Sveinsson fagstjóri atvinnu- og byggðapróunarsviðs, Sigursteinn Sigurðsson menningar- og velferðarfulltrúi og Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri áfangastaða- og markaðssviðs kynntu starfsemi SSV.

Fundarstjóri þakkaði starfsfólki SSV fyrir góða og yfirgripsmikla kynningu á starfsemi samtakanna.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Þá óskaði hún öllum góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 15:58.